



Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2025



Fjárhagsáætlun 2025



Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2025 er lögð fram og unnin samkvæmt fyrirætlunum [sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011](#).

Vinnuferli
fjárhagsáætlunar

Forsendur
fjárhagsáætlunar

Rekstur, fjárfestingar og
framkvæmdir

Yfirlit
málaflokka




Vinnuferli fjárhagsáætlunar



Forstöðumenn og sviðsstjórar

Gerð og yfirferð vinnubóka, millifærslna, launabreytinga og framkvæmda- og viðhaldsáætlana



Fastanefndir

Yfirferð gjaldskráa og framkvæmda- og viðhaldsáætlana



Bæjarráð

Samþykkir forsendur, tekjuáætlun og fjárhagsramma.
Fjallar um drög að fjárhagsáætlun.



Bæjarfulltrúar, bæjarstjóri og sviðsstjórar

Vinnufundur

Bæjarstjórn


Samþykkir tillögur að gjaldskrá
Fjallar um og samþykkir fjárhagsáætlun á tveimur fundum



Forsendur fjárhagsáætlunar



Samkvæmt fyrirætlum [sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011](#) skal bæjarráð leggja fyrir bæjarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir.



Fjárhagsáætlun sveitarfélags er bindandi fyrir allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins, samkvæmt 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Einungis er hægt að víkja frá fjárhagsáætlun með því að samþykkja viðauka við áætlunina.




Meginlagaheimild sveitarfélaga til að leggja á skatta og þjónustugjöld kemur úr [lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995](#)



Forsendur fjárhagsáætlunar

Tekjustofnar sveitarfélaga

- Útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði.
- Eignir og eigin atvinnurekstur
- Stofnanir sem reknar eru í almenningsþágu:
 - Vatnsveitur
 - Rafmagnsveitur
 - Hitaveitur
- Ýmsar aðrar tekjur:
 - Holræsagjald
 - Lóðaleiga
 - Leyfisgjöld
 - Þjónustutekjur




Forsendur fjárhagsáætlunar

Útsvar

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Útsvarshlutfall í áætlun 2025 er 14,97%.

Í útkomuspá 2024 er gert ráð fyrir að útsvarsstofn hækki um 7,2% milli ára 2023 og 2024. Lagt er til að útsvargreiðslur fyrir árið 2025 verði áætlaðar 3.240 m.kr. en voru 3.000 m.kr. í áætlun 2024.

Þróun útsvars og þróun launavísitölu




Hægri mælikvarðinn er fyrir þróun launavísitölu.

Útsvar

Í ársbyrjun 2023 voru íbúar sveitarfélagsins 3.730 og í ársbyrjun 2024 voru íbúarnir 3.797 sem er 1,8% fjölgun.

Þann 1. desember 2024 er fjöldi skráðra íbúa Ísafjarðarbæjar 4.002 og er því 5,4% fjölgun frá áramótum.

Íbúafjöldi í Ísafjarðarbæ
Miðað við 1. janúar ár hvert




Forsendur fjárhagsáætlunar

Fasteignagjöld

Fasteignaskattur er þriðji stærsti tekjustofn sveitarfélagsins og er lagður árlega á flestar fasteignir í sveitarfélaginu sem metnar eru fasteignamati, samkvæmt fasteignaskrá.

Hlutfall fasteignaskatts lækkar á íbúðarhúsnæði árið 2025 og verður 0,50% af hús- og lóðarmati. Hlutfall fasteignaskatts af öðrum fasteignum verður áfram 1,65% af hús- og lóðarmati. Heildarhækkun tekna vegna fasteignagjalda árið 2024 er 10,80% miðað við tekjur ársins 2023. Fasteignagjöld 2025 eru áætluð 1.034 m.kr.

Þróun fasteignagjalda 2021-2025



Hægri mælikvarðinn er fyrir þróun fasteignamats og er í þ.kr.


Forsendur fjárhagsáætlunar

Jöfnunarsjóður

Jöfnunarsjóður ein þriggja meginstoða tekjuöflunar sveitarfélaga og er hlutverk sjóðsins að jafna mismunandi útgjaldapörf og skatttekjur sveitarfélaga.

Framlög Jöfnunarsjóðs skiptast í fjóra flokka:

- Sérstök framlög, svo sem vegna sameiningar sveitarfélaga eða fjárhagserfiðleika
- Jöfnunarframlög sem skiptast í tekjujöfnunarframlag og útgjaldajöfnunarframlag
- Jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla
- Jöfnunarframlag vegna þjónustu við fatlaða.




Forsendur fjárhagsáætlunar

Stöðugildi



Í áætlun 2025 er gert ráð fyrir að stöðugildi hjá Ísafjarðarbæ verði 338,6 og fjölgar um fimm stöðugildi frá áætlun 2024 með viðaukum.

Skipting stöðugilda eftir deildum í áætlun 2025



Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá stöðugildum og tekur mið af gildandi kjarasamningum.




Rekstur, fjárfestingar og framkvæmdir

Fjárhagsáætlun A- og B-hluta — Rekstrarniðurstaða

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2025 gerir ráð fyrir 776,4 milljóna króna afgangi á A- og B-hluta sveitarfélagsins á næsta ári. Rekstur A-hluta verður jákvæður um 223 milljón króna á árinu 2025 samkvæmt áætlun.


Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 1.266 milljónir króna, það eru 14,1% af heildartekjum.



Rekstur, fjárfestingar og framkvæmdir

Efnahagur

Efnahagur A- og B-hluta




Rekstur, fjárfestingar og framkvæmdir

Fjárfestingar


Á árinu 2025 er áætlað að fjárfestingar Ísafjarðarbæjar í A- og B-hluta nemi 980 m.kr. Fjárfestingar í A-hluta eru áætlaðar 380 m.kr. og í B-hluta 600 m.kr.

Fjárfestingar A-hluta



- Íþróttamannvirki
- Skólahúsnaði
- Ofanflóðamannvirki
- Annað húsnæði
- Gatnakerfi
- Opin svæði
- Bifreiðar, vélar, tæki
- Þjónustumiðstöð

Fjárfestingar B-hluta



- Hafnasjóður
- Vatnsveita
- Þjónustuiðbúðir
- Eyri
- Fráveita
- Funi




Rekstur, fjárfestingar og framkvæmdir

Fjárfestingar

Fjárfestingar næstu fjögurra ára eru áætlaðar alls 3.860 m.kr.

Fjárfestingaráætlun 2025-2028
í m.kr.



Yfirlit málaflokka

Velferðarsvið

Skóla- og tómstundasvið

Stjórnsýslu- og fjármálasvið


Umhverfis- og eignasvið

Fasteignir Ísafjarðarbæjar

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar

Hafnasjóður

Byggðasafn Vestfjarða



Velferðarsvið

Málaflokkarnir sem heyra undir velferðarsvið Ísafjarðarbæjar eru:

Félagsleg aðstoð

- Fjárhagsaðstoð
- Stuðningsþjónusta
- Sérstakar húsnæðisbætur
- Afsláttur af fasteignagjöldum aldraðra og öryrkja

Þjónusta við aldraða



- Félagstarf
- Matarþjónusta
- Dagdeild

Þjónusta við börn og unglinga

- Barnavernd

Þjónusta við fatlað fólk

- Frístundaþjónusta
- Ferðaþjónusta
- Búsetur
- Skammtí mavistun
- Stuðningsfjölskyldur
- Hvesta




Félagsleg aðstoð

Áætlaður kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar er samtals 14,3 m.kr. árið 2025 og lækkar lítillega frá fyrra ári.


Áætlaðar eru 4,2 m.kr. vegna sérstakra húsnæðisbóta.

Fjárhagsaðstoð



- Fjárhagsaðstoð í formi heimildargreiðslna
- Afskrift félagslegra lána
- Fjárhagsaðstoð til framfærslu


Sérstakar húsnæðisbætur



Þjónusta við börn og unglinga

Sveitarfélögin á Vestfjörðum tóku þátt í stofnun umdæmisráðs ásamt flestum sveitarfélögum landsins utan höfuðborgarsvæðisins árið 2023. Í tengslum við þessar breytingar hefur vinna starfsmanna í barnavernd hjá Ísafjarðarbæ tekið töluverðum breytingum.


Barnavernd



Málefni fatlaðra

Ísafjarðarbær er leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðra á Vestfjörðum. Fötlunum í þjónustu hefur fjölgað á milli ára og ráðgjöf orðin veigameiri þáttur í þjónustunni.


Málefni fatlaðra



Skóla- og tómstundasvið

Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar hefur umsjón með skólum, leikskólum, íþróttamannvirkjum og öðrum fræðslu- og tómstundatengdum málum. Gert er ráð fyrir að verja um 3.470 m.kr. til fræðslu- og tómstundamála á árinu 2025, samanborið við 3.205 m.kr. árið 2024.

Launakostnaður: Fræðslumál og æskulýðs- og íþróttamál




Skóla- og tómstundasvið

Leikskólar


Ísafjarðarbær rekur fimm leikskóla auk þess að veita framlög til reksturs eins einkarekins leikskóla. Áætlaður fjöldi leikskólabarna á árinu 2025 er 215.

Áætlaður kostnaður Ísafjarðarbæjar við hvert leikskólabarn er að meðaltali um 4,48 m.kr. á ári og er kostnaðarþáttaka foreldra um það bil 11,9% af þeirri upphæð.

Rekstrarkostnaður leikskóla



Áætlaður kostnaður við hvert barn




Skóla- og tómstundasvið


Grunnskólar

Ísafjarðarbær rekur fjóra grunnskóla og er fjöldi nemenda samtals um 490. Áætlaður kostnaður per nemanda er að meðaltali 2,68 m.kr.

Rekstrarkostnaður grunnskóla



Áætlaður kostnaður við hvert barn




Skóla- og tómstundasvið

Íþróttá- og æskulýðsmál

Útgjöld til íþróttá- og æskulýðsmála árið 2025 eru áætluð 753 m.kr. og hækkar um 47 m.kr. frá áætlun 2024. Meginkostnaður við rekstur málaflokksins er starfsemi íþróttamannvirkja og nemur kostnaðurinn við rekstur þeirra 359,6 m.kr.

Heildarrekstur íþróttamannvirkja




Súlurnar nota vinstri mælikvarðann og línan sem sýnir samtals kostnað notar hægri mælikvarðann.

Stjórnsýslu- og fjármálasvið


Á málaflokk 21 er færður kostnaður af stjórnsýslu- og fjármálasviði Ísafjarðarbæjar auk ýmiss sameiginlegs kostnaðar sem er ekki hluti af almennum rekstri bæjarins. Rekstrargjöld árið 2025 eru áætluð um 595,8 m.kr.

Rekstrarkostnaður 2025



- Laun
- Annar starfsmannakostnaður
- Þjónustukaup
- Styrkir og framlög
- Vörukaup
- Annar kostnaður

Þróun rekstrarkostnaðar 2021-2025




- Laun
- Annar starfsmannakostnaður
- Þjónustukaup
- Rekstrargjöld alls
- Styrkir og framlög
- Vörukaup
- Annar kostnaður




Stjórnsýslu- og fjármálasvið

Rekstrarniðurstaða málaflokks 21 fyrir árið 2025 er um 334,6 m.kr., samanborið við 306,6 m.kr. í áætlun 2024.

Þróun rekstrarniðurstöðu 2021-2025




Þróun launa 2021-2025



Umhverfis- og eignasvið


Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur umsjón með málaflokkum 8-11 sem eru: Hreinlætismál, skipulags- og byggingamál, umferðar- og öryggismál, umhverfismál og atvinnumál.

Áætlun 2025



- Heilbrigðismál
- Hreinlætismál
- Skipulags- og byggingamál
- Umhverfismál
- Umferðar- og öryggismál
- Atvinnumál

Þróun kostnaðar 2021-2025




- Heilbrigðismál
- Hreinlætismál
- Skipulags- og byggingamál
- Umhverfismál
- Umferðar- og öryggismál
- Atvinnumál
- Samtals



Umhverfis- og eignasvið


Snjómokstur

Kostnaður við snjómokstur og hálfuvarnir er nokkuð breytilegur milli ára og er gert ráð fyrir að hann verði um 83 m.kr. árið 2024. Kostnaður við snjómokstur 2024 er 84 m.kr.



Umhverfis- og eignasvið

Vatnsveita



Um vatnsveitur í eigu sveitarfélaga gilda [lög nr. 32 frá 2004](#) og [reglugerð nr. 401 frá 2005](#).



Miða skal við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitna af sölu vatns standi undir rekstri hennar.



Í gjaldskrá vatnsveitu fyrir 2025 er miðað við fast gjald á hverja fasteign fyrir sig, auk álags vegna stærðar fasteignar. Ólík gjöld eru fyrir íbúðarhúsnæði annars vegar og annað húsnæði hins vegar.




Vatnsveita


Í áætlun 2025 er reiknað með að heildartekjur vatnsveitunnar verði 69,5 m.kr. Þjónustugjöld fasteigna eru þar af um 41,4 m.kr. Áætlað er að tap vatnsveitu verði um 17,4 m.kr. á árinu 2025.

Langtímaáætlun vatnsveitu gerir ráð fyrir að rekstur veitunnar verði rekinn í halla til 2032 en þá verður krafa á aðalsljóð uppgreidd.

Rekstur vatnsveitu




Viðhald vatnsveitu



Umhverfis- og eignasvið

Fráveita



Um uppbyggingu og rekstur fráveitna í eigu sveitarfélaga gilda [lög nr. 9 frá 2009](#) og [reglugerð nr. 982 frá 2010](#). Þar segir að miða eigi við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar og uppbyggingu.



Í gjaldskrá fráveitu fyrir 2025 er miðað við fast gjald á hverja fasteign fyrir sig, auk álags vegna stærðar fasteignar. Sama gjald er fyrir bæði íbúðarhúsnæði og annað húsnæði.



Starfssvæði fráveitu er skipt upp í fráveitusvæði og er sérstök gjaldskrá fyrir hvert veitusvæði, sem eru þó eins á öllum svæðum á árinu 2025. Með þessu móti er hægt að miða gjaldskrá hvers veitusvæðis út frá rekstri þess ásamt því að jafna kostnað á milli byggðakjarna óháð tegund húsnæðis.




Umhverfis- og eignasvið

Fráveita


Rekstrarafgangur fráveitu er áætlaður 23,6 m.kr. fyrir árið 2025 samanborið við 40 m.kr. í áætlun 2024.

Ljóst er að töluverð þörf er á innviðafjárfestingu í fráveitu á næstu árum.

Rekstur fráveitu



Viðhald fráveitu




Umhverfis- og eignasvið

Fasteignir Ísafjarðarbæjar

Gert er ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu Fasteigna Ísafjarðarbæjar, um 43,8 m.kr. árið 2025.

Áætluð fjármagnsgjöld eru 47,2 m.kr. og áætlaður söluhagnaður 132,5 m.kr. Uppgreiðsla á lánum nemur um 62,9 m.kr.

Sala níu íbúða Fasteigna Ísafjarðarbæjar er ráðgerð og eru væntingar um að fjórar þeirra seljist fyrir áramót en fimm á árinu 2025.




Umhverfis- og eignasvið


Fasteignir Ísafjarðarbæjar

Gert er ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu Fasteigna Ísafjarðarbæjar, um 43,8 m.kr. árið 2025. Gert er ráð fyrir 44,3 m.kr. í viðhald á eignum Fastís.

Rekstur Fasteigna Ísafjarðarbæjar



Viðhald Fasteigna Ísafjarðarbæjar




Slökkvilið Ísafjarðarbæjar


Rekstrarkostnaður slökkviliðs eykst um 11,3 m.kr. milli ára, ekki síst vegna kjara-samningsbundinna launahækkana.

Samningur við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um sjúkraflutninga miðar við 350 flutninga á ári, 63,6 m.kr. á árinu 2025.

Rekstur slökkviliðs




Rekstur sjúkraflutninga




Hafnasjóður

Áætlaðar tekjur Hafnasjóðs árið 2025 eru rétt rúmlega 1.000 m.kr.

Tekjur Hafnasjóðs



Rekstur Hafnasjóðs




- 41090 Aðrar tekjur m. vsk.
- 41060 Rafmagn, vatn til endursólu
- 41020 Tekjur án vsk., erlendir aðilar
- 41080 Leigutekjur og arður
- 41050 Seld þjónusta m. vsk.
- 41010 Almenn hafnargjöld m. vsk.



Hafnasjóður

199 skemmtiferðaskipakomur eru bókaðar til hafna Ísafjarðarbæjar 2025. Árið 2024 voru 196 skip bókuð en 186 komu og er gert ráð fyrir svipuðum afföllum árið 2025.

Fjöldi koma skemmtiferðaskipa 2021-2026




Byggðasafn Vestfjarða

Rekstraraðilar Byggðasafns Vestfjarða eru Ísafjarðarbær, Súðavíkurbær og Bolungarvíkurkaupstaður og skiptist rekstrarhlutdeild þeirra eftir íbúafjölda.

Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag sveitarfélaga hækki á milli ára og er hlutur Ísafjarðarbæjar 32,2 m.kr. árið 2025.

Rekstrarframlög vegna Byggðasafns Vestfjarða



Byggðasafn Vestfjarða

Gestir Byggðasafns Vestfjarða það sem af er árinu 2024 eru 15.880. Þá er Smiðjan á Þingeyri ekki meðtalin. Árið 2023 voru gestir 16.667.

Gestafjöldi á Byggðasafni Vestfjarða 2021-2024

